

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 40/1970. **Dánarbú Helga Benediktssonar**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Olíuverzlun Íslands h/f

(Magnús Fr. Árnason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Helgi Benediktsson látizt og dánarbú hans tekið við málinu.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 2. janúar 1970, en útivistardómur gekk í því máli 2. febrúar s. á. Áfrýjandi skaut málinu aftur til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1970 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962. Krefst áfrýjandi þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að dómsfjárhæðin lækki í kr. 80.571.88 auk vaxta og málskostnaðar sem í héraðsdómi greinir. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal skýrslur löggiltra endurskoðenda um könnun á bókhaldi stefnda varðandi viðskipti aðilja.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Með skirskotun til þess, sem í héraðsdómi greinir og skýrslna hinna löggiltra endurskoðenda, verður lagt til grundvallar, að skuld áfrýjanda við stefnda, sem eigi hefur áður verið dæmt um, nemi kr. 80.571.88. Eigi eru sönnur að því leiddar, að krafa þessi sé niður fallin fyrir fyrningu, og

verður því áfrýjanda dæmt að greiða stefnda það fé með vöxtum, svo sem í héraðsdómi greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, dánarbú Helga Benediktssonar, greiði stefnda, Olíuverzlun Íslands h/f, kr. 80.571.88 með 7% ársvöxtum frá 15. marz 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. október s.l., hefur Olíuverzlun Íslands h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. marz 1966 og birtri 15. s. m., gegn Helga Benediktssyni kaupmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu eftirstöðva skuldar samkvæmt viðskiptareikningi, kr. 81.175.88, ásamt 7% ársvöxtum frá 15. marz 1962 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í greinargerð á dskj. nr. 4 gerir stefndi upphaflega þær dómkröfur, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Hinn 27. desember 1967 var kveðinn upp úrskurður um frávísunarkröfuna, þar sem henni var hrundið.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar nú, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Umboðsmaður stefnanda lýsir málavöxtum svo, að haustið 1961 hafi stefnandi falið sér að innheimta fjóra víxla, samtals að fjárhæð kr. 114.500.00. Dómur hafi verið kveðinn upp í víxilmálunum þann 9. desember 1961 og stefndi dæmdur til að greiða víxlana ásamt vöxtum og kostnaði. Þá hafi stefnandi einnig falið sér að innheimta víxil að fjárhæð kr. 50.000.00 hjá stefnda og

hafi dómur gengið í því máli 2. júní 1962, þar sem stefndi hafi verið dæmdur til að greiða víxilinn með vöxtum og kostnaði. Enn segir hann, að stefnandi hafi nokkru síðar falið sér að innheimta hjá stefnda skuld samkvæmt viðskiptareikningi að fjárhæð kr. 304.812.31. Komið hafi í ljós, að framangreindir víxlar, sem dómar voru fengnir fyrir, hafi verið færðir stefnda til skuldar á viðskiptareikningnum. Þar sem viðskipti stefnanda við stefnda hafi haldið áfram um nokkurt skeið, eftir að dómar gengu í víxilmálunum, hafi stefndi haldið því fram, þegar gera hafi átt fjárnám fyrir kr. 114.500.00 samkvæmt fyrrgreindum dómi, að hann væri búinn að greiða þá víxla, sbr. dóm Hæstaréttar 3. júní 1964. Skuldina samkvæmt hinum dóminum, kr. 50.000.00, greiddi stefndi upp. Umboðsmaður stefnanda kveðst nú, þegar hann höfðaði mál gegn stefnda út af skuldinni á viðskiptareikningnum, hafa dregið frá höfuðstólnum kr. 114.500.00 og kr. 50.000.00 svo og kr. 1.348.00, sem verið hafi vextir og kostnaður af víxlunum. Stefnukrafan hafi þannig numið kr. 138.964.31. Héraðsdómur hafi nú dæmt stefnda til að greiða stefnanda þessa fjárhæð og hafi sá dómur verið staðfestur í Hæstarétti, en vegna þess, hvornig Hæstiréttur hafi dæmt í fjárnámsmálinu (dómur 3. júní 1964), þ. e. leyfi aðeins fjárnám fyrir kr. 33.324.12, en ekki allri kröfunni, kr. 114.500.00, en full fjárhæðin hafi verið dregin frá, áður en málið samkvæmt viðskiptareikningnum hafi verið höfðað, verði um mismun að ræða upp á kr. 81.175.88, en það sé einmitt stefnukrafan í máli þessu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í máli þessu á því annars vegar, að með dómi Hæstaréttar 19. janúar 1966 hafi viðskipti stefnda við stefnanda verið endanlega upp gerð til ársins 1962. Hins vegar reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að ef um einhverja skuld kynni að vera að ræða, þá væri hún fyrnd, þar sem hann hafi eigi átt viðskipti við stefnanda síðan í desember 1961 samkvæmt dskj. nr. 2.

Skal fyrst vikið að hinu síðarnefnda atriði, sem stefndi reisir sýknukröfu sína á, þ. e. að ef um skuld væri að ræða, þá væri hún fyrnd.

Af viðskiptareikningi, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 2 í málinu, sést, að viðskipti málsaðilja hafa staðið frá marzbyrjun 1959 til 1. október 1962. Stefna er hins vegar útgefin í málinu 9. marz 1966. Samkvæmt þessu er fyrningarfrestur ekki liðinn, þegar stefnt er í málinu, en fyrningarfrestur er í þessu tilfelli 4 ár frá áramótum 1962—1963 að telja.

Skal þá athuguð hin fyrrgreinda ástæða, sem stefndi reisir sýknukröfu sína á, þ. e. að endanleg viðskipti málsaðilja til 1962 hafi verið gerð upp með uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 19. janúar 1966. Samkvæmt áðurgreindum viðskiptareikningi stefnda hjá stefnanda á dskj. nr. 2, sem, eins og áður greinir, nær frá marzbyrjun 1959 til 1. október 1962, nemur skuld stefnda við stefnanda kr. 304.812.31. Hafi þá verið færðir til gjalda á reikningnum víxlar þeir, kr. 50.000.00 og kr. 114.500.00, sem dómar höfðu gengið um, auk vaxta og kostnaðar, kr. 1.348.00. Til tekna hafa aftur á móti verið færðar greiðslur, kr. 81.175.88, sem samkvæmt hæstaréttardóminum frá 3. júní 1964 skyldu ganga til lúkningar dómsskuldunum. Að leiðrétum viðskiptareikningnum um þessar fjárhæðir nemur skuld stefnda samkvæmt honum kr. 220.140.19 (þ. e. kr. 304.812.31 ÷ 50.000.00 ÷ 114.500.00 ÷ 1.348.00 + 81.175.88).

Af ástæðum, sem að framan hafa verið raktar, var af hálfu stefnanda aðeins stefnt fyrir kr. 138.964.31 af þessari skuld, og kemur þannig fram mismunur, kr. 81.175.88, sem er stefnukrafan í þessu máli (kr. 220.140.19 ÷ 138.964.31).

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður á hvoruga sýknuástæðu stefnda fallizt, enda hefur ekkert annað komið fram í málinu, sem leitt gæti til þeirrar niðurstöðu. Verða úrslit málsins því þau, að stefnukröfurnar verða teknar til greina, þó þannig, að vextir ákveðast 6% ársvextir frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00, og er þá tekið tillit til málskostnaðar í frávísunarþætti málsins.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóhanni J. Ólafssyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Olíuverzlun Íslands h/f, kr. 81.175.88 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. marz 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.